

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 91 – 26.09.2007

Miðvikudaginn 26. september, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Staða framkvæmda.
2. Tengigjöld sunnan Steinstaða
3. Hækkun á gjaldskrá hitaveitu Skagafjarðarveitna ehf.
4. Trúnaðarmál.
5. Samningar um kaldavatnsréttindi.
6. Önnur mál.
 - a. Bréf frá Guðrúnu Eiríksdóttur

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu á framkvæmdum þ.e. hitaveituframkvæmdum Út að austan og byggingu vatnstanks á Hólum, einnig hitaveituframkvæmdum sunnan Steinsstaða, en þær eru á lokastigi.
2. Samþykkt að heimæðargjöld á bæi sunnan Steinsstaða verði á sömu gjaldskrá og í dreifbýli Út að austan þ.e. 741.125.- <300 m³, umfram 300m³ 593.- pr. M³ á verðlagi í dag. Styrkir til þeirra sem eru með rafkyndingu verði 200.000.- < 300m³, umfram 300m³ verði 300.- pr. m³
3. Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu um 2.5% frá 1. nóvember 2007.
4. Trúnaðarmál (sjá trúnaðarbók)
5. Páll skýrði frá gangi mála.
6. Önnur mál.
 - a. Lagt fram til kynningar bréf ódagssett frá Guðrúnu Eiríksdóttur þar sem kynnt er átakið vatn og rafmagn fyrir allan heiminn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.